



Borgarráð Reykjavíkur

Ráðhúsi Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Heimild borgarráðs til kaupa á sorphátum

Á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur þann 17. mars sl. var samþykkt að hefja hirðu á lífúrgangi (lífrænum eldhúsúrgangi) frá heimilum í Reykjavík frá og með 1. september nk. Þjónustan verði valfrjáls fyrir íbúa. Skrifstofa umhverfisgæða vinnur að undirbúning verkefnisins. Kaupa þarf eftirfarandi ílát til verkefnisins:

- Brúnar 140 lítra tunnur, allt að 6.000 stykki. Áætlað verð 31.200.000 kr. m.vsk.
- Svartar 140 lítra tunnur, um 1.200 stykki.. Áætlað verð 6.300.000 kr. m.vsk.
- Flokkunarílát fyrir eldhús og maíspokar, um 10.000 stykki. Áætlað verð 5.000.000 kr. m.vsk.

Magntölur eru til viðmiðunar, þær geta hliðrast háð því hvernig rúmast í flutningsgámum. Gert er ráð fyrir að helmingur verði afhentur í ágúst og helmingur í desember. Heildarkostnaður er áætlaður allt að 42.500.000 kr. m. vsk. en í fjárhagsáætlun eru áætlaðar 150.000.000 kr. til kaupa á tunnum og djúpgámum á kostnaðarstaðnum 3108. Óskað er eftir heimild borgarráðs til þessara kaupa.

Virðingarfyllst,

Guðmundur B. Friðriksson
Skristofustjóri skrifstofu umhverfisgæða